

Heilsa ehf.  
Bæjarflöt 1-3  
112 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2021  
UST202110-292/F.K.  
07.10.02

### Niðurstaða eftirlits - Sólarvarnir- Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um að snyrtivara sem boðin væri til sölu í versluninni Heilsuhúsið uppfylli ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingar.

Um er að ræða eftirfarandi vöru sem Heilsa ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki	SPF	mL
Mádara- sun 15 Beach BB shimmering sunscreen	Ekki til staðar	15	100

Farið var í eftirlit í verslun Heilsuhússins, Lágmúla 5 og skoðun á vörunni leiddi í ljós að hún uppfyllir ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur varðandi merkingar á umbúðum.

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar dagsett þann 1.6.2021 þar sem tilkynnt var um eftirlit með snyrtivörum, nánar tiltekið sólarvörnum, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013.

Um kröfur til merkinga og frávik frá þeim sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til eftirlitsskýrslu sem er send til eftirlitsaðila með rafrænum hætti.

**Umhverfisstofnun veitir Heilsa ehf. frest til 10.12.2021 til að senda stofnuninni afrit af uppfærðum merkimiða þar sem fram koma upplýsingar um innihald í styrkfallandi röð, sbr. reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.**

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málnúmerinu UST202110-292**

Umhverfisstofnun veitir Heilsa ehf. hér með frest til 10.12.2021 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 3.12.2021. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 3.12.2021.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um snyrtivörur og skyldubundnar merkingar má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar <https://ust.is/atvinnulif/efni/snyrtivorur/> .

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífa Konráðsdóttir, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [fifak@ust.is](mailto:fifak@ust.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávik sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,  
*sérfræðingur*

Björn Gunnlaugsson,  
*teymisstjóri*

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla,